



Hafnarfjörður

Minnisblað - 11. janúar 2023

Efni: Aðstaða til listmuna- og listsköpunar í Hafnarfirði, 2212082

Á fundi menningar- og ferðamálanefndar þann 9. desember 2022 lagði Sigurður Þ Ragnarsson fulltrúi Samfylkingarinnar fram eftirfarandi fyrirspurn:

Hvar í Hafnarfirði er stunduð listmuna-/listsköpun sem bærinn hefur vitneskju um?

Vinsamlegast sundurliðið aðstöðu í einkaeign, vinnuástöðu sem listamenn leigja af einkaaðilum og aðstöðu sem bærinn leggur til listamanna gegn einhverskonar niðurgreiðslu. Rétt er að nefna að ekki er verið að spyrja um sýningarhúsnæði á listmunum listamanna.

Hafnarfjarðarbær eða aðrir opinberir aðilar halda enga skrá yfir aðstöðu til listsköpunar í sveitarfélaginu. Hafnarfjarðarbær hefur því ekki upplýsingar á reiðum höndum hvar í Hafnarfirði listmuna-/listsköpun er stunduð og þá eru upplýsingar um hvort aðstaðan sé í leigu eða í einkaeigu ekki á reiðum höndum. Þegar leitað er í gagnasöfnum eins og Já kemur fram að [fjórir íbúar í pósthúsinu 220 kalla sig listamenn á ja.is](#) en þar kemur ekki fram hvort þeir reki hér vinnustofu. Þá fundust einhverjar upplýsingar um að listamenn sem eru skráðir á [ARKIV.IS](#), sem er gagnagrunnur með alhliða upplýsingum um íslenska myndlist og myndlistarmenn í nútíð sem fortíð, hafi rekið vinnustofu í Hafnarfirði en þar kemur ekki fram hvenær.

Síðasta sumar gaf Hafnarfjarðarbær út [myndskreytt þjónustukort](#) af bænum sem er aðgengilegt á fimm ferðamannastöðum í bænum og sem bæklingur og borðkort. Eftirfarandi samantekt með upplýsingum um aðstöðu er meðal annars byggð á upplýsingum úr kortinu.

Einnig má benda á að kraftur og gróska í listalífinu í Hafnarfirði hefur meðal annars endurspeglast í viðburðinum **Gakktu í bæinn** þegar listamenn, hönnuðir og handverksfólk á svæðinu frá smábátahöfninni að miðbæ Hafnarfjarðar opna vinnustofur sínar og bjóða gesti og gangandi velkomna í heimsókn á **Björtum dögum** í lok apríl ár hvert. Í tengslum við viðburðinn hefur undirritaður verið í samskiptum við fjölmarga listamenn sem hafa tekið þátt undanfarin ár en sá listi breytist frá ári til árs og er því ekki tæmandi.



Hafnarfjörður

Athugið: Þessi samantekt er birt með þeim fyrirvara að upplýsingarnar eru alls ekki tæmandi og byggja fyrst og fremst á vitneskju undirritaðs en ekki formlegri skráningu eða opinberum gögnum.

Aðstaða í einkaeign eða vinnuaðstaða sem listamenn leigja af einkaaðilum

Á **Björtum dögum** 2022 voru þrír staðir opnir þar sem listamenn eru með vinnustofur (Hafnarfjarðarbær, 2022):

Íshús Hafnarfjarðar er samstarf skapandi hönnuða, iðn- og listamanna við Strandgötu 90. Þar eru til leigu yfir þrjátíu opin vinnustofurými í samfélagi skapandi fólks í ólíkum greinum í gömlu frystihúsi við smábátahöfnina í Hafnarfirði. Meðal annars er í húsinu stunduð keramik hönnun, myndlist, trésmíði, skartgripa hönnun og ritsmíðar.

Gára handverk er aðsetur sex leirlistarkvenna við Fornubúðir 8 þar sem fallegir handmótaðir leirmunir verða til.

The Shed er verslun, vinnustofa og samkomurými í garðinum við Suðurgötu 9 þar sem eigendur R.T.Co. búa.

Aðstaða sem bærinn leggur til listamanna gegn einhverskonar niðurgreiðslu

Hafnarborg hefur til umræða listamannaíbúð með vinnuaðstöðu á þriðju hæð safnsins að Strandgötu 34 í Hafnarfirði. Kveðið er á um rekstur gestavinnustofunnar í stofnskrá safnsins og er vinnustofan jafnframt sú elsta sinnar tegundar á landinu, starfandi frá árinu 1986. Vinnustofan er einkum ætluð erlendum listamönnum, sem koma hvaðanæva að til að dvelja í Hafnarborg.

Víkingafélagið Rimmugýgur, félag áhugamanna um menningu og bardagalist víkinga, hefur afnot af fasteign í eigu Hafnarfjarðarbæjar að Hörðuvöllum 1 fyrir starfsemi sína, meðal annars til þess að glæða áhuga bæjarbúa og ferðamanna á handverki víkinga.

Bæjarbíó þjónar nú fjölbreyttu hlutverki sem menningarhús Hafnarfjarðar þar sem fjölbreyttur hópur listafólks kemur reglulega fram á tónleikum og sýningum. Þar hafa einnig verið haldnar æfingar fyrir viðburði sem eru haldnir á öðrum stöðum. Bæjarbíó slf. hefur umsjón með Bæjarbíó og er markmið samnings að standa þar fyrir fjölbreyttri menningarstarfsemi. Framlag Hafnarfjarðarbæjar er í formi eftirgjafar á húsaleigu og rafmagns- og hitunarkostnaði.

Bókasafn Hafnarfjarðar býður upp á fjölbreytta aðstöðu fyrir fólk á öllum aldri. Í fjölnotasalnum er hægt að halda litla viðburði, glerrýmið á þriðju hæð er opið listamönnum sem áhuga hafa á að sýna þar endurgjaldslaust og í Rabbrýminu er allur búnaður sem þarf til upptöku og vinnslu hlaðvarps. Þá hefur færst í aukana að listafólk komi fram á tónleikum í Bókasafninu.

Gaflaraleikhúsið er leikhús fyrir 220 áhorfendur. Þar hefur hópur atvinnufólks framleitt ný íslensk verk undanfarin ár en auk þessa hafa danshópar, innlendir og erlendir leikhópar og skólaleikhús fengið inn í húsinu með fjölda sýninga. Hafnarfjarðarbær og Gaflaraleikhúsið



Hafnarfjörður

hafa gert með sér áframhaldandi samning til þriggja ára um rekstur atvinnuleikhúss í Hafnarfirði með það að markmiði að efla menningarlíf í Hafnarfirði og glæða áhuga Hafnfirðinga á leiklist og öðrum þeim listgreinum sem leiksviði tengjast. Framlag Hafnarfjarðarbæjar er með beinu styrkframlagi, að lágmarki 24 milljónir króna á ári á samningstímanum.

Ýmis fyrirtæki og einstaklingar, meðal annars listamenn, hafa eða hafa haft aðstöðu í **Lífsgæðasetri St. Jó**. Lífsgæðasetur er staður þar sem samankomin eru fyrirtæki með ýmiskonar starfsemi sem eiga það öll sameiginlegt að auka lífsgæði fólks með einum eða öðrum hætti. Hægt er að sækja um aðstöðu í lífsgæðasetrinu á www.stjo.is. Leigutakar rýma greiða leigugjald á markaðsverði og hlutfallslegan rekstrarkostnað.

Félag eldri borgara í Hafnarfirði heldur úti öflugum félagsstarfi í félagsmiðstöðinni Hraunseli, Flatahrauni 3. Starfsemin er rekin af FEBH með stuðningi Hafnarfjarðarbæjar sem leigir húsnæðið en þar fer meðal annars fram listmálun og dans.

Í **Músik & mótör** er ókeypis aðstaða fyrir ungt listafólk í Hafnarfirði til að skapa sína list. Á staðnum eru 8 lítil einkarými sem einstaklingar og/eða hópar hafa til umráða fyrir listsköpun. Í dag eru m.a tónlistar- og myndlistafólk með aðstöðu til afnota. Þar er einnig hljóðver sem ungt fólk getur nýtt sér til að taka upp tónlist (eða eitthvað annað) og starfsmaður sér um hljóðverið og getur stýrt upptökum og séð um eftirvinnslu. Einnig er bílskúr til afnota en hann er mest nýttur til bílaviðgerðar og bílasmíðar. Músik & mótör er opið öllum á aldrinum 13- 25 ára.

Vinnuskóli Hafnarfjarðar í samstarfi við Hamarinn ungmennahús er með sértækt starf á sumrin fyrir ungt listafólk, á aldrinum 18-25 ára, sem kallast **Skapandi sumarstörf**. Síðustu tvö ár hafa yfir 30 einstaklingar fengið laun á vegum Vinnuskóla Hafnarfjarðar til að fylgja eftir hugmyndum sínum. Hugmyndirnar eru allt frá því að vera að semja heilstæð tónverk og flytja þau, taka upp stuttmyndir, standa að myndlistarsýningum, kynna kórastarf og söngverk, skrifa leikrit, bækur eða kvikmyndahandrit o.fl. Sértækur verkefnastjóri Skapandi sumarstarfa sér um allt utanumhald og veitir listafólkinu faglegan stuðning. Einnig starfrækir Vinnuskóli Hafnarfjarðar sértækan listahóp á sumrin fyrir 13-17 ára unglinga.

Annað

Félög og félagasamtök í mannúðar- menningar og góðgerðarstarfsemi sem er ekki rekin í ágóðaskyni og eru fasteignaeigendur í Hafnarfirði geta í samræmi við [reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka](#) fengið niðurfelldan fasteignaskatt. Þau félög sem uppfylla skilyrði reglnanna og hafa áður fengið styrk til greiðslu fasteignaskatts hjá Hafnarfjarðarbæ þurfa ekki að sækja um styrkinn ef hann er í fjárhagsáætlun ársins. Karlakórinn Prestir fær til að mynda árlega styrk til greiðslu fasteignaskatts.

Í skólum og menningarstofnunum hafa leiklistarfélag, kórar og önnur menningartengd félagasamtök fengið afnot af húsnæði til æfinga og sýninga en ekki er til yfirlit yfir það á einum stað hvernig þeim stuðningi er háttað.

Andri Ómarsson, Verkefnastjóri menningar- og markaðsmála



Hafnarfjörður

Heimildir:

Hafnarfjarðarbær. (2022, 22. apríl). *Bjartir dagar 22. apríl 2022*. Sótt 31. janúar 2023, af <https://vefsafn.is/is/20221101145420/https://www.hafnarfjordur.is/mannlif/vidburdir/vidburdir-framundan/bjartir-dagar-22.-april-2022>